

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2020/EES/70/01		Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Ákvörðun 093/20/COL	1
2020/EES/70/02		Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Ákvörðun 094/20/COL	2
2020/EES/70/03		Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Ákvörðun 095/20/COL	3
2020/EES/70/04		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA frá 31. ágúst 2020 um að heimila Noregi framlengingu á tilteknum tímabilum sem eru tilgreind í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/698 um sértækar og tímabundnar ráðstafanir með tilliti til útbreiðslu COVID-19 faraldursins að því er varðar endurnýjun eða framlengingu gildistíma tiltekinna skírteina, leyfa og heimilda og frestun á tilteknu reglubundnu eftirliti og reglubundinni þjálfun á tilteknum sviðum löggjafar um flutninga	4
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2020/EES/70/05		Beiðni <i>Norges Høyesterett</i> dagsett 30. nóvember 2020 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í sakamáli á hendur N	6
2020/EES/70/06		Dómur dómstólsins frá 16. júlí 2020 í máli E-7/19 – Tak – Malbik ehf. gegn Vegagerðinni og Þrótti ehf.	8
2020/EES/70/07		Dómur dómstólsins frá 16. júlí 2020 í máli E-8/19 – Scanteam AS gegn norska ríkinu, þar sem utanríkisráðuneytið er í forsvari	9
	III	ESB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2020/EES/70/08		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9609 – Mann Mobilia/Tessner Holding/Tejo/Roller)	10

2020/EES/70/09	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9985 – GardaWorld/G4S) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	11
2020/EES/70/10	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9989 – BB Holding Investment/ Duferdofin-Nucor) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	12
2020/EES/70/11	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9991 – MassMutual/MVC Capital) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	13
2020/EES/70/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9927 – MVM/iCR)	14
2020/EES/70/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9937 – BC Partners/Sofima/IMA)	14
2020/EES/70/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9939 – Sampo/RMI/Hastings)	15
2020/EES/70/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9960 – KKR/Elsan)	15
2020/EES/70/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9979 – Brookfield/Simon/JCPenney)	16
2020/EES/70/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9986 – KPS Capital Partners/Garrett Motion)	16
2020/EES/70/18	Yfirlit um ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um leyfi til að setja á markað vegna notkunar og/eða notkunar efna sem talin eru upp í XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar REACH)	17

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum**2020/EES/70/01**

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirfarandi ríkisaðstoðarráðstöfun:

Dagsetning ákvörðunar	17. júlí 2020
Málsnúmer	85378
Ákvörðun nr.	093/20/COL
EFTA-ríki	Noregur
Titill (og/eða heiti styrkþega)	Heildræn áætlun um föngun og geymslu koltvísýrings
Lagastoð	Samningar um fjárstuðning milli olíu- og orkumálaráðuneytisins og Norcem AS, Fortum Oslo Varne AS og Northern Lights
Tegund aðstoðar	Stök aðstoð
Markmið	Umhverfisvernd
Aðstoðarform	Beinn styrkur
Fjárveiting	Aðstoð í formi fjárfestingar (P85-áætlun): Fortum Oslo Varne AS: 4 365 milljónir NOK Norcem AS: 3 141 milljón NOK Northern Lights: 8 169 milljónir NOK Rekstraraðstoð (P85-áætlun): Fortum Oslo Varne AS: 2 225 milljónir NOK Norcem AS: 1 172 milljónir NOK Northern Lights: 4 429 milljónir NOK
Aðstoðarhlutfall	>100%
Gildistími	Til 2034 (áætlað)
Atvinnugreinar	Raforkuframleiðsla, hitaveita, vinnsla hráólú og jarðgass, framleiðsla á hreinsuðum jarðolíuafurðum, framleiðsla á steypu, sementi og gipsefni
Heiti og póstarítun stjórnvaldsins sem veitir aðstoð	Olje- og energidepartementet Postboks 8148 Dep 0033 Oslo Norge

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vef Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/decisions/>.

Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum

2020/EES/70/02

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirfarandi ríkisaðstoðarráðstöfun:

Dagsetning ákvörðunar	20. júlí 2020
Málsnúmer	85362
Ákvörðun nr.	094/20/COL
EFTA-ríki	Noregur
Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega)	Bótakerfi í þágu aðila sem annast rekstur langferða samkvæmt fastri áætlun allt árið með almenningsvögnum eða flóabátum
Lagastoð	Reglugerð um tímabundið bótakerfi í þágu aðila sem annast áætlunarferðir almenningsvagna eða flóabáta á tilteknum leiðum og hafa orðið fyrir tekjutapi vegna COVID-19 faraldursins
Tegund aðstoðar	Aðstoðarkerfi
Markmið	Að bæta aðstoðarþegum tjón vegna COVID-19 faraldursins og smitvarnaráðstafana norskra stjórnvalda í því skyni að tryggja samfellu í rekstri langferða allt árið með almenningsvögnum eða flóabátum hjá þeim sem ekki hafa hlotið aðstoð frá staðaryfirvöldum eða öðrum opinberum yfirvöldum vegna almannaþjónustu-kvaða sinna
Aðstoðarform	Beinir styrkir
Fjárveiting	100 milljónir NOK
Gildistími	01.06.2020 – 31.08.2020
Atvinnugreinar	Land- og sjóflutningar
Heiti og pósthátitun stjórnvaldsins sem veitir aðstoð	The Norwegian Railway Directorate Jernbanedirektoratet Postboks 16 Sentrum NO-0101 Oslo

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vef Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/decisions/>.

Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum

2020/EES/70/03

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirfarandi ríkisaðstoðarráðstöfun:

Dagsetning ákvörðunar	20. júlí 2020
Málsnúmer	85113
Ákvörðun nr.	095/20/COL
EFTA-ríki	Noregur
Titill	Aukning á upphaflegum afskriftum vegna fjárfestinga í eignum í eignaflokki D vegna COVID-19
Lagastoð	Lög nr. 14, 26.3.1999 (n. <i>skatteloven</i>), með áorðnum breytingum samkvæmt 143 (2019-2020)
Tegund aðstoðar	Aðstoðarkerfi
Markmið	Að mæta lausafjárskorti sem mörg fyrirtæki standa frammi fyrir og örva efnahagslífið almennt
Aðstoðarform	Skattaávilnun
Fjárveiting	1 200 milljónir NOK
Aðstoðarhlutfall	0,48%
Gildistími	20. júlí 2020 – 31. desember 2020
Atvinnugreinar	Allar greinar sem fjárfesta í eignaflokki D
Heiti og póstarítun stjórnvaldsins sem veitir aðstoð	The Norwegian Tax Administration Postboks 9200, Grønland 0134 Oslo Norway

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vef Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/decisions/>.

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2020/EES/70/04

frá 31. ágúst 2020

um að heimila Noregi framlengingu á tilteknum tímabilum sem eru tilgreind í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/698 um sértækar og tímabundnar ráðstafanir með tilliti til útbreiðslu COVID-19 faraldursins að því er varðar endurnýjun eða framlengingu gildistíma tiltekinna skírteina, leyfa og heimilda og frestun á tilteknu reglubundnu eftirliti og reglubundinni þjálfun á tilteknum sviðum löggjafar um flutninga

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af reglugerð (ESB) 2020/698 ⁽¹⁾ („reglugerðinni“), einkum 2. gr. reglugerðarinnar, skv. aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn,

að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt tilskipun 2003/59/EB ⁽²⁾ („tilskipuninni“) ber tilteknum atvinnuökumönnum að gangast undir þjálfun með reglubundnu millibili og að henni lokinni fá starfshæfnisvottorð sem annað hvort getur verið í formi atvinnuskírteina ökumanna eða með því að færa inn samsvarandi merkingu með samræmdri tákn tölu Sambandsins „95“ á ökuskríteinið í samræmi við 10. gr. tilskipunarinnar.

Ákvæði 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2020/698 framlengir fresti handhafa starfshæfnisvottorðs til þess að ljúka reglubundinni þjálfun, sem að öðrum kosti myndu hafa runnið út eða myndu annars renna út á tímabilinu 1. febrúar 2020 til 31. ágúst, um sjö mánuði. Að sama skapi framlengir 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar gildistíma samsvarandi merkingar með samræmdri tákn tölu Sambandsins „95“ sem færð er inn á ökuskríteinið, og 3. mgr. 2. gr. framlengir gildistíma samsvarandi atvinnuskírteina ökumanna.

Sé það mat aðildarríkis að ógerlegt sé að ljúka reglubundinni þjálfun eða vottun hennar, merkingu með samræmdri tákn tölu Sambandsins „95“, eða endurnýjun atvinnuskírteina ökumanna eftir 31. ágúst 2020 vegna ráðstafana sem það hefur tekið til þess að fyrirbyggja eða hefta útbreiðslu COVID-19 faraldursins, getur það lagt fram rökstudda beiðni um leyfi til þess að framlengja tímabilin sem eru tilgreind í 1., 2. og 3. mgr. 2. gr., eftir því sem við á. Beiðnin getur varðað tímabilið frá 1. febrúar 2020 til 31. ágúst 2020 eða sjö mánaða tímabilið sem er tilgreint í 1., 2. og 3. mgr. 2. gr., eftir því sem við á, eða hvort tveggja.

Ef Eftirlitsstofnun EFTA telur, í kjölfar beiðni sem lögð er fram á grundvelli 5. mgr. 2. gr., að skilyrðin sem mælt er fyrir um í þeirri málsgrein séu uppfyllt, skal hún samþykkja ákvörðun, í samræmi við 6. mgr. 2. gr., sem heimilar viðkomandi aðildarríki að framlengja tímabilin sem um ræðir. Framlengingin skal takmarkast við og endurspegla tímabilið þegar talið er líklegt að ógerlegt sé að ljúka viðkomandi reglubundinni þjálfun eða vottun hennar, merkingu með samræmdri tákn tölu Sambandsins „95“, eða endurnýjun atvinnuskírteina ökumanna, en í öllu falli, ekki vera lengri en sex mánuðir.

Noregur lagði fram rökstudda beiðni, með bréfi dags. 15. júní 2020 ⁽³⁾, með vísan til 1. og 2. mgr. 2. gr. (ESB) 2020/698, í samræmi við 5. mgr. 2. gr., um leyfi til þess að framlengja tímabilið um einn mánuð sem tilgreint er í 1. og 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar. Noregur lagði fram viðbótarupplýsingar til stuðnings beiðninni 26. ágúst 2020 ⁽⁴⁾.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/698 um sértækar og tímabundnar ráðstafanir með tilliti til útbreiðslu COVID-19 faraldursins að því er varðar endurnýjun eða framlengingu gildistíma tiltekinna skírteina, leyfa og heimilda og frestun á tilteknu reglubundnu eftirliti og reglubundinni þjálfun á tilteknum sviðum löggjafar um flutninga, Stjútíð. ESB L 165, 27.5.2020, bls. 10–24. Tekin upp í EES-samninginn í lið 4b í XIII. viðauka við samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2020 frá 18. júní 2020.

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/59/EB frá 15. júlí 2003 um grunnþjálfun og reglubundna þjálfun ökumanna tiltekinna ökutækja til vöru- eða farþegaflutninga, um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 og tilskipun ráðsins 91/439/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 76/914/EBE, Stjútíð. ESB L 226, 10.9.2003, bls. 4–17. Tekin upp í EES-samninginn í 37. lið XIII. viðauka við samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2006 frá 2. júní 2006.

⁽³⁾ Skjal nr. 1138286

⁽⁴⁾ Skjal nr. 1149283

Samkvæmt upplýsingum þeim sem Noregur veitti er líklegt að ógerlegt sé að ljúka viðkomandi reglubundinni þjálfun eða vottun og merkingu með samræmdri tákntölu Sambandsins „95“ í Noregi til 30. september 2020, vegna ráðstafana sem það hefur gripið til í því skyni að fyrirbyggja eða halda í skefjum útbreiðslu COVID-19.

Nánar tiltekið hefur Noregur gripið til almennra lokunaraðgerða sem m.a. fólust í því að loka þjálfunaraðstöðu, m.a. aðstöðu fyrir reglubundna þjálfun ökumanna sem tilskipunin kveður á um og almennri þjónustu sem varðar endurnýjun á skjölum og leyfum.

Námskeið vegna reglubundinnar þjálfunar byrjuðu aftur smám saman. Hins vegar setja ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til þess að halda útbreiðslu COVID-19 í skefjum enn hömlur á þessa þjálfunarstaði. Noregur heldur því fram að þjálfunarstaðirnir verði að uppfylla viðkomandi skilyrði um takmarkanir á félagslegri nálægð fólks. Því er færri umsækjendum kleift að taka þátt í þjálfunarnámskeiðum á sama tíma. Ráðstafanirnar sem norsk stjórnvöld hafa gripið til hafa leitt til þess að umtalsverðum fjölda leyfishafa hefur ekki reynst mögulegt að ljúka þeirri nauðsynlegu reglubundnu þjálfun sem er krafist.

Að loknu mati í samræmi við 6. mgr. 2. gr. á rökstuddri beiðni Noregs skv. 5. mgr. 2. gr. og viðbótarupplýsingum sem lagðar voru fram er það niðurstaða eftirlitsstofnunarinnar að líklegt sé að ógerlegt sé að ljúka viðkomandi reglubundinni þjálfun eða vottun, merkingu með samræmdri tákntölu Sambandsins „95“, eða endurnýjun atvinnuskirteina ökumanna, eftir 31. ágúst 2020 vegna ráðstafana sem Noregur hefur gripið til í því skyni að fyrirbyggja eða halda í skefjum útbreiðslu COVID-19. Því hafa kröfurinnar sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 2. gr. verið uppfylltar.

Því ætti Noregi að vera heimilt að framlengja um einn mánuð tímabilin milli 1. febrúar 2020 og 31. ágúst 2020, hvort um sig, sem tilgreind eru í 1. og 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

Noregur hefur heimild til að framlengja um einn mánuð tímabilið milli 1. febrúar 2020 og 31. ágúst 2020, sem tilgreint er í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2020/698, að því er varðar 1. og 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar.

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Noregs.

Gjört í Brussel 31. ágúst 2020

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Bente Angell-Hansen

Forseti

Högni Kristjánsson

Stjórnarmaður sem ber ábyrgð á málaflöknum

Frank J. Büchel

Stjórnarmaður

Carsten Zatschler

*Meðundirritar sem framkvæmdastjóri
lagaskrifstofu*

EFTA-DÓMSTÓLLINN

Beiðni *Norges Høyesterett* dagsett 30. nóvember 2020 um ráðgefandi álit
EFTA-dómstólsins í sakamáli á hendur N

2020/EES/70/05

(Mál E-8/20)

EFTA-dómstólnum hefur borist bréf *Norges Høyesterett* (Hæstaréttar Noregs) frá 30. júní 2020, sem var skráð í málaskrá dómstólsins 2. júlí 2020, með beiðni um ráðgefandi álit í sakamáli á hendur N, að því er varðar eftirtaldar spurningar:

Spurningar sem varða réttarstöðuna fyrir 1. júní 2012

1. spurning: Ber að túlka hugtakið „bætur vegna veikinda“ í a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1408/71 þannig að það taki til bóta á borð við endurhæfingalífeyri (arbeidsavklaringspenger)?

2. spurning: Ber að túlka 22. gr. reglugerðar nr. 1408/71, eða mögulega 19. gr., þannig að hún veiti einungis rétt til peningabóta ef um er að ræða búsetu (bósetting) í EES-ríki öðru en lögbæra ríkinu, eða fellur styttri dvöl (opphold), eins og í fyrirliggjandi máli, einnig undir ákvæðið?

3. spurning: Ef styttri dvöl, eins og í fyrirliggjandi máli, fellur einnig undir ákvæðið, ber þá að túlka merkingu 22. gr. reglugerðar nr. 1408/71 og tilvísun í henni til heimildar frá þar til bærrí stofnun, eða mögulega 19. gr., þannig að lögbæra ríkið megi gera það skilyrði fyrir því að réttur einstaklings til endurhæfingalífeyris fylgi honum, að viðkomandi einstaklingur verði að hafa sótt um og fengið heimild til dvalar (oppholde sig) í öðru EES-ríki?

4. spurning: Ef niðurstaðan er sú að reglugerð nr. 1408/71 veiti ekki rétt til þess að endurhæfingalífeyrir fylgi einstaklingi við dvöl í öðru EES-ríki, eða mögulega ekki án heimildar frá þar til bæru stofnuninni í samræmi við innlendar reglur, þarf þá einnig að leggja mat á hvort innlendu reglurnar falli innan gildissviðs annarra EES-reglna?

5. spurning: Gilda 28. gr. og 36. gr. EES-samningsins við aðstæður þar sem ríkisborgari EES-ríkis dvelur sér til afþreyingar í stuttan tíma í öðru EES-ríki?

6. spurning: Ef svarið við spurningunni er jákvætt, telst það þá takmörkun á frjálsri för skv. 28. gr. EES-samningsins eða 36. gr. að eftirfarandi skilyrði séu sett í innlendum lögum:

- i) að bæturnar séu einungis veittar í takmarkaðan tíma sem, samkvæmt stjórnsýsluleiðbeiningum, má yfirleitt ekki vera lengri en fjórar vikur á ári, og
- ii) að dvölin erlendis fari saman við efndir skuldbindinga sem varða skilgreindar athafnir og hindri ekki eftirfylgd og eftirlit af hálfu lögbærrar stofnunar, og
- iii) að einstaklingur sem á í hlut verði að sækja um og fá heimild frá þar til bærrí stofnun (og eftirlit með tilkynningarskyldu eigi sér stað með því að nota tilkynningareyðublað)?

7. spurning: Ef skilyrði i) telst takmörkun, er þá hægt að réttlæta skilyrðið á grundvelli þess að um sé að ræða vernd þeirra sjónarmiða sem skilyrði ii) grundvallast á, það er að segja, að tryggja efndir skuldbindinga sem varða skilgreindar athafnir og einnig eftirfylgd og eftirlit?

8. spurning: Ef ekki er unnt að réttlæta skilyrði i) og skilyrði ii) og iii) eru talin fela í sér takmörkun, er þá unnt að réttlæta skilyrði ii) og iii) á grundvelli sömu sjónarmiða?

9. spurning: Ef unnt er að réttlæta skilyrði ii) og iii), telst það þá í samræmi við 28. gr. og 36. gr. EES-samningsins að gera einstaklingi, sem láðst hefur að sækja um og fá heimild fyrir því að bætur fylgi honum til annars EES-ríkis, og sem veitir þar til bæru stjórnvaldi rangar upplýsingar um dvalarstað (oppholdssted), að endurgreiða bæturnar sem hann komst yfir með ólögmetum hætti samkvæmt innlendum lögum?

10. spurning: Sé svarið við þeirri spurningu jákvætt, telst það þá í samræmi við 28. gr. og 36. gr. EES-samningsins að viðkomandi einstaklingur þurfi mögulega að sæta refsingu fyrir að hafa veitt rangar upplýsingar og með því blekkt þar til bæra stofnun og fengið greiðslur frá henni án þess að eiga rétt á þeim?

11. spurning: Ef svarið við 5. spurningu er neikvætt, gilda þá 4. gr. eða 6. gr. tilskipunar 2004/38 í tilviki þar sem ríkisborgari EES-ríkis dvelur um skemmri tíma sér til dægurstyttingar í öðru EES-ríki? Að því marki sem 6. gr. er talin gilda, leggur ákvæðið þá einhverjar skyldur á heimaríkið? Ef 4. gr. eða 6. gr. gildir og unnt er að byggja á þeim ákvæðum gagnvart heimaríkinu, eru sömu spurningar og 6. og 10. spurning bornar upp, að því marki sem þær eiga við.

Spurningar sem varða réttarstöðuna eftir 1. júní 2012

12. spurning: Ber að túlka hugtakið „sjúkrabætur“ í a-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 883/2004 þannig að það taki til bóta á borð við endurhæfingarlífeyri?

13. spurning: Ber að túlka hugtakið „dvelja“ í 1. mgr. 21. gr. reglugerðar 883/2004, sem er skilgreint sem „tímabundin búseta“ í k-lið 1. gr., þannig að það taki til sérhverrar styttri dvalar í öðru EES-ríki sem ekki telst búseta, m.a. dvalar eins og í fyrirliggjandi máli?

14. spurning: Ef svarið við spurningunni er jákvætt ber þá að túlka 21. gr. reglugerðar nr. 883/2004 þannig að hún taki einungis til aðstæðna þar sem sjúkdómsgreining er gerð meðan á dvöl í öðru EES-ríki stendur, eða einnig til aðstæðna þar sem – eins og í fyrirliggjandi máli – sjúkdómsgreiningin er viðurkennd af þar til bærra stofnun fyrir brottför?

15. spurning: Ef 21. gr. gildir við aðstæður eins og þær sem um ræðir í fyrirliggjandi máli, ber þá að túlka það ákvæði, einnig skilyrðið „í samræmi við löggjöfina sem hún starfar eftir“, þannig að það merki að lögbæra EES-ríkið geti haldið fast við eftirfarandi skilyrði:

- i) að bæturnar séu einungis veittar í takmarkaðan tíma sem, samkvæmt stjórnáskilgreiningum, má yfirleitt ekki vera lengri en fjórar vikur á ári, og
- ii) að dvölin erlendis fari saman við efndir skuldbindinga sem varða skilgreindar athafnir og hindri ekki eftirfylgd og eftirlit af hálfu lögbærrar stofnunar, og
- iii) að einstaklingur sem á í hlut verði að sækja um og fá heimild frá þar til bærra stofnun (og eftirlit með tilkynningarskyldu eigi sér stað með því að nota tilkynningareyðublað)?

16. spurning: Ef 21. gr. útilokar skilyrði i) en ekki skilyrði ii) og iii), falla þá skilyrði ii) og iii) innan gildissviðs EES-samningsins (sjá 4. spurningu og áfram)?

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2020/EES/70/06****frá 16. júlí 2020****í máli E-7/19****Tak – Malbik ehf. gegn Vegagerðinni og Þrótti ehf.***(Opinber innkaup – Tilskipun 2014/24/ESB – Opinber verksamningur – Opinber þjónustusamningur)*

Hinn 16. júlí 2020 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-7/19, Tak – Malbik ehf. gegn Vegagerðinni og Þrótti ehf. – BEIÐNI kærunefndar útboðsmála skv. 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls um túlkun á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup og niðurfellingu tilskipunar 2004/18/EB, einkum 6., 7. og 9. tl. 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar. Dóminn skipuðu dómaramir Páll Hreinsson, forseti, Per Christiansen og Bernd Hammermann (framsögumaður), og hljóða dómsorð sem hér segir:

Við aðstæður eins og þær sem eru til staðar við meðferð málsins er ekki um að ræða opinberan verksamning í skilningi 6. tl. 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup og niðurfellingu tilskipunar 2004/18/EB. Opinber samningur sem fjallar um veitingu annarrar þjónustu en þeirrar sem um getur í 6. tl. 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/24/ESB telst vera opinber þjónustusamningur í skilningi 9. tl. 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/24/ESB.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2020/EES/70/07****frá 16. júlí 2020****í máli E-8/19****Scanteam AS gegn norska ríkinu, þar sem utanríkisráðuneytið er í forsvari**

(Opinber innkaup – Tilskipun 2014/24/ESB – Skilgreining á „samningsyfirvaldi“ – Erlend sendiskrifstofa EFTA-ríkis – Gildissvið reglna EES-réttar – 126. gr. EES – Landfræðilegt gildissvið EES-samningsins)

Hinn 16. júlí 2020 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-8/19, Scanteam AS gegn norska ríkinu, þar sem utanríkisráðuneytið er í forsvari – BEIÐNI *Klagenemnda for offentlige anskaffelser* (kærunefndar útboðsmála), skv. 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, um túlkun á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup og niðurfellingu tilskipunar 2004/18/EB, samkvæmt aðlögunarákvæðum í samræmi við EES-samninginn. Dóminn skipuðu dómararnir Páll Hreinsson, forseti (framsögumaður), Per Christiansen og Bernd Hammerman, og hljóða dómsorð sem hér segir:

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup gildir um útboðsferli af hálfu erlendra sendiskrifstofu EFTA-ríkis í þriðja landi, svo fremi að nægilega nái tengsl séu milli útboðsins og EES-svæðisins.

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2020/EES/70/08

(mál M.9609 – Mann Mobilia/Tessner Holding/Tejo/Roller)

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. október 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Mann Mobilia Beteiligungs GmbH („Mann Mobilia“, Þýskalandi); lýtur yfiráðum XXXLutz KG
- Tessner Holding KG („Tessner Holding“, Þýskalandi)
- Tejo Möbel Management Holding GmbH & Co. KG („Tejo“, Þýskalandi); lýtur sem stendur yfiráðum Tessner Holding
- Roller GmbH & Co. KG („Roller“, Þýskalandi), lýtur sem stendur yfiráðum Tessner Holding

Mann Mobilia og Tessner Holding ná í sameiningu yfiráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Tejo og Roller.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Mann Mobilia: dótturfyrirtæki XXXLutz Group, sem starfar í nokkrum löndum í Evrópu og fæst þar við smásölu á húsgögnum, húsbúnaði og heimilisvörum.
- Tessner Holding: móðurfyrirtæki Tessner Group, sem starfar, m.a. í gegnum Tejo og Roller, einkum í Þýskalandi og fæst við smásölu á húsgögnum, húsbúnaði og heimilisvörum.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjttíð. ESB C 369, 3.11.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9609 – Mann Mobilia/Tessner Holding/Tejo/Roller

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2020/EES/70/09****(mál M.9985 – GardaWorld/G4S)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. október 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Garda World Security Corporation („GardaWorld“, Kanada); lýtur yfirráðum BC Partners LLP (Bretlandi) og hr. Stephan Crétier, sem er kanadískur ríkisborgari
- G4S plc („G4S“, Bretlandi)

GardaWorld nær eitt yfirráðum í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir G4S.

Samruninn á sér stað með opinberu yfirtökuboði sem tilkynnt var 30. september 2020.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - GardaWorld: fyrirtæki sem annast öryggisþjónustu og þjónustu vegna peningasendinga sem býður öryggisvörslu, reiðufjárlausnir frá afhendingu til móttöku og áhættustjórnun.
 - G4S: samþætt öryggisfyrirtæki sem starfar alþjóðlega og býður upp á breitt úrval öryggisþjónustu um allan heim.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 369, 3.11.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9985 – GardaWorld/G4S

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.9989 – BB Holding Investment/Duferdofin-Nucor)

2020/EES/70/10

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. október 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- BB Holding Investment S.A. („BB Holding Investment“, Lúxemborg)
- Duferdofin-Nucor S.r.l. („Duferdofin-Nucor“, Ítalíu); lýtur sameiginlegum yferráðum BB Holding Investment S.A. og Nucor European Holdings BV

BB Holding Investment nær eitt yferráðum í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Duferdofin-Nucor.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- BB Holding Investment: stýrir fyrirtækjum sem fást við orku, flutninga og stál, og leggur einkum áherslu á viðskipti með/dreifingu á stálvörum.
- Duferdofin-Nucor: framleiðsla og dreifing á vörum úr kolefnisstáli, t.d. blokkum, drumbum og hringlaga stöngum, ásamt fullnum löngum vörum, einkum þungum prófilum (bitum).

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 375, 6.11.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9989 – BB Holding Investment/Duferdofin-Nucor

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2020/EES/70/11****(mál M.9991 – MassMutual/MVC Capital)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 27. október 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Massachusetts Mutual Life Insurance Company („MassMutual“, Bandaríkjunum)
- BDC, Inc. („Barings BDC“, BNA); nýtur ráðgjafar Barings LLC, dótturfélags að fullu í eigu MassMutual
- MVC Capital Inc. („MVC Capital“, Bandaríkjunum)

Barings BDC nær fullum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir MVC Capital í heild. Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- MassMutual: bandarískt fyrirtæki á sviði gagnkvæmra líftrygginga.
- Barings BDC: lokað, ódreift fjárfestingarfélag. Fyrirtækið lætur meðalstórum fyrirtækjum sem starfa í fjölbreyttum atvinnugreinum í té fjármagn og hefur aðallega tekjur af beinum einkalánveitingum. Barings BDC nýtur ráðgjafar Barings LLC, sem er alþjóðlegt fjárfestingafélag sem aftur er að fullu í eigu MassMutual.
- VC Capital: lokað, ódreift fjárfestingafyrirtæki sem lýtur utanaðkomandi stjórnun. Það lætur í té eigið fé og lánsfé til að fjármagna vöxt, kaup og til að endurfjármagna lítill og meðalstór fyrirtæki í ýmsum atvinnuvegum.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjttíð. ESB C 372, 4.11.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9991 – MassMutual/MVC Capital

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjttíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.9927 – MVM/iCR)

2020/EES/70/12

Framkvæmdastjórnin ákvað 26. október 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9927. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.9937 – BC Partners/Sofima/IMA)

2020/EES/70/13

Framkvæmdastjórnin ákvað 19. október 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9937. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.9939 – Sampo/RMI/Hastings)

2020/EES/70/14

Framkvæmdastjórnin ákvað 21. október 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9939. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.9960 – KKR/Elsan)

2020/EES/70/15

Framkvæmdastjórnin ákvað 22. október 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9960. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.9979 – Brookfield/Simon/JCPenney)

2020/EES/70/16

Framkvæmdastjórnin ákvað 27. október 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9979. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.9986 – KPS Capital Partners/Garrett Motion)

2020/EES/70/17

Framkvæmdastjórnin ákvað 26. október 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9986. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Yfirlit um ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um leyfi til að setja á
markað vegna notkunar og/eða notkunar efna sem talin eru upp í XIV. viðauka
við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu,
mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar REACH)**

2020/EES/70/18

(Birt skv. 9. mgr. 64. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006) ⁽¹⁾

Eftirfarandi ákvörðun hefur verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*:

Efni	Tilvísun ákvörðunar	Dagsetning ákvörðunar	Markaðsleyfisnúmer	Nánari upplýsingar
Krómtríoxíð EB nr. 215-607-8, CAS nr. 1333-82-0	C(2020) 7104	21. október 2020	REACH/20/15/0 REACH/20/15/1	Stjútíð. ESB C 362, 28.10.2020, bls. 3

Ákvörðunina er að finna á vefsetri framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins: http://ec.europa.eu/growth/sectors/chemicals/reach/about/index_en.htm

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.